

## AUGLÝSING

### um varúðarráðstafanir sem gilda um innflutning á fiskeldisafurðum frá Indlandi og ætlaðar eru til manneidis.

#### 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um sendingar eða farm af fiskeldisafurðum, hér eftir nefndar vörur, sem eru upprunnar í Indlandi eða eru fluttar frá Indlandi og ætlaðar eru til manneidis. Auglýsingin tekur ekki til vara sem þegar hafa verið skoðaðar á landamærastöðvum á EES-svæðinu.

#### 2. gr.

Óheimilt er að flytja inn vöru skv. 1. gr. nema henni fylgi niðurstöður efnagreininga, sem hafa verið framkvæmdar í upprunalandinu og tryggja að ekki sé hætt á að neytendur verði fyrir heilsutjóni og varan innihaldi ekki ólögleg efni.

Niðurstöður efnagreininga skulu liggja fyrir um tilvist choramphenicol, tetracycline, oxytetracycline, chlorotetracycline og efnasambönd nitrofurans auk annara efna sem tilgreind eru í reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk. Sýni skulu tekin af opinberum aðila.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning vöru enda þótt efnagreining liggji ekki fyrir frá upprunalandinu ef gerðar eru fullnægjandi efnagreiningar þegar varan er á landamærastöð, sem tryggja að varan uppfylli skilyrði reglugerðar nr. 653/2001. Varan skal vera í vörslu Matvælastofnunar þar til niðurstöður efnagreininga liggja fyrir og sýni að þau efni sem nefnd eru í 2. mgr. séu ekki til staðar og að önnur innihaldsefni séu ekki yfir hámarksmagni lyfjaleifa sem sett eru fram í reglugerð nr. 653/2001.

#### 3. gr.

Matvælastofnun skal tryggja að tekin séu sýni af a.m.k. 20% sendinga af fiskeldisafurðum frá Indlandi sem fara í gegnum landamærastöðvar og að þau séu efnagreind í samræmi við 2. gr.

#### 4. gr.

Allur kostnaður við eftirlit, rannsóknir og förgun samkvæmt auglýsingu þessari skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

#### 5. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn vörur sem auglýsing þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

#### 6. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995 með því að ákvæðum þessarar auglýsingar sé framfylgt.

#### 7. gr.

Um valdsvið, þvingunarræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995, um matvæli og ákvæðum laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 27. gr. b., 28. og 29. gr., sbr. 31. gr. a. laga nr. 93/1995, um matvæli og 5. gr. og 24. gr. laga nr. 55/1998, um sjávarafurðir og með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/381/ESB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 2011.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*